



Málsnr.: 2009008
Dalabyggð Málaskrá

3. SEP. 2020

Bréfalykill: 03.00

Kópavogur 24. ágúst 2020

Bæklingur 2.0 um áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Kæri sveitastjóri!
Kæra sveitastjórn!
Kæri forvarnafulltrúi!

Meðfylgjandi er ný og uppfærð útgáfa af bæklingum frá alþjóðahreyfingunni Movendi International, um neikvæð áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Einnig fylgja nýjar upplýsingar um áfengi og COVID-19 frá Evrópuskrifstofu WHO. Í bæklingnum eru tekin fyrir áhrif áfengis á 14 af Heimsmarkmiðunum 17. Hvernig áfengi hindrar og tálmar að við náum að uppfylla þau markmið.

Movendi hreyfingin er helsti viðmælandi á heimsvísu í gagnreyndum ráðstöfunum á samfélagsgrunni til að koma í veg fyrir og draga úr því tjóni sem áfengi og önnur vímuefni valda. Almannaheilliasamtökin IOGT á Íslandi eiga veg og vanda að þessari útgáfu á íslensku

Áfengisneysla er meðal stærstu áhrifaþátta á sjúkdómabyrði heimsins og lætur íslenskt samfélag ekki ósnortið, frekar en önnur. Við teljum að bæklingurinn sé mikilvægt innlegg í umræðu og ákvarðanatöku í áfengismálum á Íslandi. Það er von okkar að meðfylgjandi samantekt komi að góðum notum við stefnumörkun í lýðheilsumálum á Íslandi.

IOGT er tilbúið að koma til fundar til að kynna samantektina og ræða nánar um einstök markmið sérstaklega s.s. 17, 16, 11, 3, 5 og 8. Drögum saman úr beinum og óbeinum kostnaði samfélagsins vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna. Fjármunir eru samt ekki aðalatriðið þegar mannlíf eru í húfi. Heilbrigði og lýðheilsa þjóðarinnar er að veði. Áfengi kemur við sögu í yfir 200 sjúkdómstilfella og er þekktur krabbameinsvaldur.

Björn Sævar Einarsson

Aðalsteinn Gunnarsson

Björn Sævar Einarsson
Formaður IOGT á Íslandi

Aðalsteinn Gunnarsson
Frankvæmdastjóri IOGT á Íslandi